

## **Nd. 166. Tillaga til þingsályktunar**

um endurbyggingu og viðhald nauðsynlegra húsa á þjóðjörðum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landbúnaðarmálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um gagnngerðar ráðstafanir til endurbyggingar og viðhalds nauðsynlegra húsa á þjóðjörðum.

### **Greinargerð.**

Með lögum nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, er svo kveðið á í 2. gr. stafl. a, að leggja skuli í jarðakaupasjóð ríkisins afgangur öll af núverandi þjóð- og kirkjujörðum, og er í sömu lögum gerð á um það skipun, hversu fé jarðakaupasjóðs skuli verja. Með þessum ákvæðum er girt fyrir það, að þessu fé megi á neinn hátt verja til umbóta á jörðunum sjálfum, þó að nauðsyn beri til. Er og hvergi annarsstaðar gert ráð fyrir því, að heimilt sé að verja neinu fé til endurbyggingar og nauðsynlegs viðhalds húsa á þjóðjörðum. Eru þær að því leyti verr staddir en kirkjujarðir, að kirkjujarðasjóður hefir oft verið látinn hlaupa undir bagga með aðstoð til húsabóta á þeim, þegar þótt hefir horfa til vandræða eða þess, að jarðir byggðust ekki vegna lélegs húsakosts.

Nú er að vísu svo ákveðið í 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, að ábúanda, sem hefir jörð í erfðaábúð samkvæmt þeim lögum, skuli heimilt að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta eða annara umbóta, en aldrei má það lán vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins. Jafnframt er svo ákveðið, að ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gildi eigi að því er snertir þær jarðir, sem samkvæmt þeim lögum byggjast. Nú er hvorttveggja, að þetta skipulag er ekki komið á í einni svipan, og svo hitt, að með þessum ákvæðum eru ábúendum þjóðjarða settir þrengri kostir um nauðsynlegar húsabætur en öðrum leiguliðum, þegar á allt er litið. Má vel svo fara, ef þessu heldur fram, að húsakostur á þjóðjörðum gangi úr sér úr hófi fram, og nokkurt áhyggjuefni, ef ríkið verður í þeim efnum eftirbátur annara landsdrottna. Er þegar svo komið, að ekki verður hjá því komið, að hið opinbera geri einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt.

Nánar í framsögu.